

**Fnjóská 1998 og 1999**

**Bjarni Jónsson**

**Desember 1999**

**VMST-N-99010**

**VEIÐIMÁLASTOFNUN**  
**Bókasafn**

## **Inngangur**

Gerð var athugun seiðastofnum Fnjóskár 26.-27. ágúst 1998 og 5.-6. ágúst 1999. Markmið þessara athuganna var að fá yfirlit yfir árgangastyrkleika og útbreiðslu seiða, vöxt og afkomu í Fnjóská. Á grundvelli þessara upplýsinga er mat lagt á heildarástand seiðastofna í Fnjóská.

Haustið 1999 var framkvæmt botnmat á Fnjóská með tilliti til uppeldisskilyrða fyrir laxa og bleikjuseiði. Í tengslum við þessa úttekt var farið mun ofar í vatnakerfi Fnjóskár til seiðarannsóknna en áður hefur verið gert. Niðurstöður þessa rannsóknaverkefnis munu verða kynntar síðar í sérstakri skýrslu. Búsvæðamatið í Fnjóská er hluti af stærra verkefni um átak í rannsóknum og nýtingu á sjóbleikju sem fleiri veiðifélög á Norðurlandi standa að í samvinnu við Veiðimálastofnun á Hólum.

## **Aðferðir**

Ástand seiðastofna í Fnjóská var kannað með rafveiðum. Í ágúst 1998 var rafveitt á tíu stöðum í Fnjóská; Veitt var á flestum sömu stöðum og undanfarin ár (Bjarni Jónsson 1995, VMST-N/95006), en bætt við einum nýjum stað á áreyrunum við Laufás 1998 og í Bakkaá sumarið 1999. Stærð rafveiðistaða var á bilinu 150m-540m<sup>2</sup> en hún var minni á stöðum þar sem meira virtist af seiðum eða að aðstæður í ánni leyfðu ekki stærra veiðisvæði. Veidd var ein umferð á hverjum stað. Rafveiðistaðir voru valdir með það að augnamiði að fá sem heildstæðasta mynd af seiðabúskap vatnasvæðisins. Af þeim sökum er þeirri aðferð beitt að veiða sem víðast á vatnasvæðinu og rafveiðum valin staður eins og kostur er á grýttum köflum í ánni þar sem von er meiri seiðaframleiðslu og fleiri árganga seiða.

## Niðurstöður rafveiða 1998

Efsti staðurinn sem rafveitt var á sumarið 1998 var neðan ármóta við Bakkaá (stöð 2; mynd 1). Á þeim stað var vottur af laxaseiðum, fjögurra ára (4+) sleppiseiði (Tafla 1. og mynd 2a), en annars voru þar aðeins bleikjuseiði en talsvert af þeim. Þar voru þrír árgangar bleikjuseiða; vorgömul (0+), eins árs (1+) og tveggja ára (2+; Tafla 2 og mynd 3a).

Efsti staðurinn þar sem veiddust náttúruleg laxaseiði var fyrir neðan Illugastaði (stöð 4; mynd 1). Á þessum stað veiddust þrír árgangar laxaseiða, tveggja ára, þriggja ára og fjögurra ára seiði. Bæði var um að ræða náttúruleg laxaseiði sem og sleppiseiði. Áberandi mest var af þriggja ára laxaseiðum (Tafla 1; mynd 2a). Þrír árgangar bleikjuseiða voru á þessum stað; vorgömul, eins árs og tveggja ára seiði. Mest var af árgömlum bleikjuseiðum ((Tafla 2; mynd 3a).

Við Steinkirkju (stöð 5; mynd 1) varð vart við hrygningu lax frá því haustið 1997. Þar veiddust vorgömul laxaseiði auk þriggja ára seiða. Þéttleiki laxaseiða á þessu svæði virðist hins vegar fremur lítill. Töluvert var af bleikjuseiðum á þessum stað, þrír árgangar; vorgömul, eins og tveggja ára seiði. Var þetta jafnframt sá staður þar sem þéttleiki bleikjuseiða var mestur í rafveiðunum 1998 (Tafla 2; mynd 3a).

Við Mörk (staður 7b; mynd 1) varð ekki vart við nein laxaseiði í rafveiðunum. Á þessu svæði var hins vegar nokkuð af bleikjuseiðum, tveir árgangar; vorgömul og eins árs seiði. Stærðardreifing þeirra miðað við aldur var svipuð og ofar í Fnjóská (Tafla 2; mynd 3a).

Rafveitt var fyrir brú á Þjóðvegi 1 (staður 8; mynd 1). Þar varð ekki vart við yngri árganga laxaseiða en þar veiddust þriggja ára og fjögurra ára laxaseiði. Talsvert veiddist hins vegar af bleikjuseiðum á þessu svæði, mest eins árs seiði, en einnig vorgömul og tveggja ára bleikjuseiði.

Nokkrum sinnum hefur verið rafveitt í kvísl við Þingmannalæk (staður 8b; mynd 1) og var það fyrst gert sumarið 1994 (Bjarni Jónsson 1995). Að þessu sinni veiddust þar

aðeins þriggja ára laxaseiði (Tafla 1; mynd 2a) en mikið af bleikjuseiðum. Einungis við Steinkirkju var þéttleiki bleikjuseiða meiri. Í kvíslinni voru þrjár árgangar bleikjuseiða; vorgömul, eins árs og tveggja ára seiði (Tafla 2; mynd 3b). Á þessum stað veiddust jafnframt urriðaseiði, tveir árgangar; vorgömul og eins árs seiði og var þetta efsti staðurinn í ánni þar sem vart var við urriðaseiði í rafveiðunum 1998 (Tafla 3; mynd 4).

Rafveitt var við Veisusel eins og jafnan áður (staður 9; mynd 1). Ekki varð þar vart við vorgömul laxaseiði, en nokkuð var af eins, tveggja- og þriggja ára gömlum laxaseiðum (Tafla 1; mynd 2b). Einnig var nokkuð af bleikjuseiðum á þessu svæði; vorgömul, eins árs og tveggja ára seiði og var þéttleiki árganga bleikju svipaður (Tafla 2; mynd 3b). Vottur var af vorgömlum og eins árs urriðaseiðum (Tafla 3; mynd 4).

Ekki var rafveitt í kvísl við Hjarðarhaga þar eð hún hefur mikið spillst. Næsti rafveiðistaður var nokkru ofar ármóta við Þverá (staður 11; mynd 1). Einungis varð vart við eldri árganga laxaseiða á þessu svæði, þriggja og fjögurra ára seiði (Tafla 1; mynd 2b). Nokkuð var hins vegar af bleikjuseiðum, aðallega vorgömlum og eins árs seiðum, en einnig þriggja ára seiði (Tafla 2; mynd 3b). Vart varð við urriðaseiði, tveggja ára seiði, en ekki fundust urriðaseiði neðar í ánni en þarna (Tafla 3; mynd 4).

Á næsta rafveiðistað á móts við Skarð (staður 12; mynd 1) varð vart við vorgömul laxaseiði en að öðru leiti aðeins þriggja og fjögurra ára laxaseiði (Tafla 1; mynd 2b). Þrjár árgangar bleikjuseiða voru á svæðinu; vorgömul, eins árs og tveggja ára seiði (Tafla 2; mynd 3b).

Í rafveiðunum 1998 var bætt við nýjum rafveiðistað (staður 13; mynd 1) neðar en áður hefur verið veitt og var það á áreyrunum á móts við Laufás. Á þessum stað veiddist einn árgangur laxaseiða, þriggja ára seiði (Tafla 1; mynd 2b). Nokkuð veiddist af bleikjuseiðum, þrjár árgangar eins og á öllum rafveiðistöðum utan einum í Fnjóská. Mest var af eins ár bleikjuseiðum, en minna af vorgömlum og tveggja ára seiðum (Tafla 2; mynd 3b).

## Niðurstöður rafveiða 1999

Rafveitt var á tveimur stöðum í Fnjóská ofan ármóta við Bakkaá. Rafveitt var í kvísl fyrir ofan Reyki (stöð 1a; mynd 1) og á móts við Reyki (stöð 1b; mynd 1). Á báðum þessu stöðum var mikill þéttleiki bleikjuseiða, þrír árgangar, vorgömul, eins árs og tveggja ára seiði (Tafla 5; mynd 6a). Einnig varð vart við einn árgang urriðaseiða á þessum slóðum, eins árs seiði (Tafla 6; mynd 7a).

Langt er síðan rafveitt hefur verið í Bakkaá. Þar var nú veitt (staður 1c) rétt neðan við brú yfir Bakkaá. Ekki veiddust laxaseiði á þessu svæði en talsvert magn bleikjuseiða og urriðaseiða. Þrír árgangar bleikjuseiða veiddust; vorgömul, eins- og tveggja ára seiði (Tafla 5; mynd 6a). Áberandi mest var af tveggja ára urriða seiðum, en einnig veiddust vorgömul, eins-, þriggja- og fjögurra ára urriðaseiði.

Rafveitt var nokkru ofan Illugastaða (staður 3; mynd 1). Ekki veiddust laxaseiði á þessum kafla, en bæði bleikjuseiði og urriðaseiði. Tveir árgangar bleikjuseiða veiddust; eins árs og tveggja ára seiði (Tafla 5; mynd 6b) og þrír árgangar urriðaseiða; vorgömul, eins árs og þriggja ára seiði (Tafla 6; mynd 7a).

Efsta svæðið þar sem vart varð við lax í Fnjóská var neðan við Illugastaði (staður 4; mynd 1), þar var vottur af tveggja ára laxaseiðum (Tafla 4; mynd 5). Á þessu svæði var hins vegar talsvert af bleikjuseiðum. Þrír árgangar veiddust; vorgömul seiði og svo eins og tveggja ára bleikjuseiði (Tafla 5; mynd 6b). Að þessu sinni veiddust einnig urriðaseiði á þessu svæði; tveggja og þriggja ára seiði (Tafla 6; mynd 7b). Ekki varð vart urriðaseiða á þessum rafveiðistað sumarið 1998.

Á hefðbundnum athugunarstað við Steinkirkju (staður 5; mynd 1) varð ekki vart við laxaseiði nú þrátt fyrir að vorgömul laxaseiði hafi veiðst þar sumarið 1998. Á þessum rafveiðistað voru þrír árgangar bleikjuseiða, vorgömul, eins árs og tveggja ára seiði líkt og sumarið 1998, en þéttleiki þeirra var minni nú (Tafla 5; mynd 6b). Ekki varð vart við urriðaseiði á þessu svæði nú.

Við Mörk (staður 7; mynd 1) var vottur af tveimur árgöngum laxaseiða, tveggja ára og þriggja ára seiði (Tafla 4; mynd 5). Á þessum kafla veiddust ekki laxaseiði

sumarið 1998. Tveir árgangar bleikjuseiða komu fram í rafveiðunum; vorgömul og eins árs seiði (Tafla 5; mynd 6c). Einnig veiddust árgömul urriðaseiði á þessum kafla (Tafla 6; mynd 7b), en ekki varð vart við urriðaseiði þar sumarið 1998.

Á rafveiðistað fyrir ofan brú á Þjóðvegi 1 (staður 8; mynd 1) veiddist nú nokkuð af vorgömlum laxaseiðum, en ekki varð vart við aðra árganga (Tafla 4; mynd 5).

Sumarið 1998 voru þar aðeins þriggja og fjögurra ára gömul laxaseiði. Töluverður þéttleiki var af bleikjuseiðum, þrjú árgangar; vorgömul, eins- og tveggja ára bleikjuseiði (Tafla 5; mynd 6c).

Engin laxaseiði veiddust í kvísl við Þingmannalæk (staður 8a; mynd 1) sumarið 1999. Þar var aðeins einn árgangur laxaseiða sumarið 1998, þriggja ára seiði. Þegar rafveitt var fyrst á þessum stað sumarið 1994 voru þar fjórir árgangar laxaseiða; vorgömul, eins-, tveggja-, þriggja-, og fjögurra ára seiði. Töluverður þéttleiki var þá af stórum eldir seiðum (Bjarni Jónson 1995).

Við Veisusel (staður 9) veiddist nú aðeins einn árgangur laxaseiða, eins árs seiði (Tafla 4; mynd 5). Þar var talsvert meira af laxaseiðum sumarið 1998. Á þessum kafla veiddust einnig tveir árgangar bleikjuseiða; vorgömul og eins árs seiði (Tafla 5; mynd 6d). Sá kafla sem rafveiddur var hnikaðist nokkuð til frá fyrri árum.

Fyrir ofan Þverá (staður 11; mynd 1) veiddust þrjú árgangar laxaseiða; eins-, tveggja- og þriggja ára seiði. Ekki varð hins vegar vart við vorgömul seiði (Tafla 4; mynd 5). Á þessum kafla voru aðeins þriggja og fjögurra ára gömul laxaseiði sumarið 1998. Einnig veiddust á þessum kafla sumarið 1999 tveir árgangar bleikjuseiða; vorgömul og tveggja ára seiði (Tafla 5; mynd 6d), og eins árs urriðaseiði (Tafla 6; mynd 7b).

Neðsti rafveiðistaðurinn að þessu sinni var fyrir neðan Skarð (staður 12; mynd 1). Nýr rafveiðistaður á áreyrum við Laufás sem bætt var við sumarið 1998 var ekki lengur til staðar vegna jarðrasks. Fyrir neðan Skarð veiddust tveir árgangar laxaseiða; eins árs og þriggja ára seiði (Tafla 4; mynd 5). Á þessum kafla voru vorgömul laxaseiði sumarið 1998 en að annars eingöngu þriggja og fjögurra ára seiði. Aðeins varð vart við einn árgang bleikjuseiða; tveggja ára seiði á þessum kafla (Tafla 5; mynd 6d) og ekki veiddust þar urriðaseiði sumarið 1999.

## Umræða um niðurstöður rafveiða

Laxinn virðist vera að hörfa í efri hluta Fnjóskár, en heldur fremur velli í neðri hlutanum, eða frá Veisuseli. Efsti staðurinn þar sem veiddust vorgömul laxaseiði var við Steinkirkju. Töluvert var af eldri laxaseiðum í ánni sumarið 1999, aðallega þriggja ára seiðum, en einnig fjögurra ára. Áberandi lítill þéttleiki var hins vegar af náttúrulegum yngri seiðum, vorgömlum, eins-, og tveggja ára seiðum. Það er nokkuð tilviljunum háð hvort að vorgömul seiði koma fram í rafveiðum, því það tekur þau tíma að dreifa sér. Það er aftur á móti alvarlegt að ekki skuli bera meira á eins árs og tveggja ára laxaseiðum í ánni.

Laxaseiðin í Fnjóská hafa verið að ganga út þriggja til fjögurra ára gömul á undanförunum árum, en einnig allt upp í fimm ára gömul. Gott vor 1999 gæti hafa átt sinn þátt í því að elstu seiðin sem komu fram í rafveiðinni sumarið 1998 hafi gengið að jafnaði yngri til sjávar en áður. Gangsa seiða í sjó vorið 1999 virðist hafa verið mjög góð samanborið við síðustu ár. Hins vegar má búast við fremur slakri göngu til sjávar vorið 2000.

Sú þróun sem hefur átt sér stað í seiðabúskap Fnjóskár og þá sérstaklega hvað varðar laxinn er ekki einsdæmi á Norðurlandi. Norðurlandsdeild Veiðimálastofnunar vinnur nú að samantekt og samanburði rafveiðigagna úr ám á Norðurlandi eins langt og gögn leyfa. Þéttleiki laxaseiða virðist víða hafa minnkað verulega um og eftir 1989 og ekki náð sér á strik síðan. Sérstaklega á þetta við smærri laxveiðiárnar eða þær sem hafa haft meðlaxveiði um og undir 300 laxa á ári (Bjarni Jónsson í vinnslu). Það er mikilvægt að geta betur greint þá orsakabætti sem að baki þessum sveiflum liggur og í því sambandi er einmitt nauðsynlegt að bera saman það sem hefur verið að gerast í ám á stærra svæði.

Á sama tíma og laxinn er að hörfa í Fnjóská er hins vegar bleikjan í sókn. Þéttleiki bleikjuseiða hefur verið að aukast, sérstaklega í efri hluta árnar. Jafnframt virðist hafa verið góður vöxtur hjá bleikjuseiðunum sumarið 1999 og munar þar um gott vor samanborið við vorið 1998. Sú metveiði sem verið hefur á bleikju í Fnjóská er engin tilviljun og margt sem bendir til þess að hún muni verða góð á næstu árum. Það hefur einnig komið í ljós að útbreiðslusvæði sjóbleikjunnar er mun víðfemara en áður hefur verið talið og veiðimöguleikarnir því meiri. Laxveiðin mun áfram verða mikilvæg í Fnjóská, en það er ljóst að sóknarfærin í stangveiði liggja í aukinni sjóbleikjuveiði og því að gera hana verðmætari.

## Endurheimtur haustsleppiseiða og gönguseiða í Fnjóská

Fyrir nokkrum árum hófust tilraunir með sleppingar haustseiða í nokkrar íslenskrar ár. Á völdum stöðum var hrundið af stað tilraunaverkefni með það að augamiði að þróa haustseidasleppingar sem valkost í fiskrækt og jafnframt meta árangur slíkra sleppinga. veiðifélag Fnjóskár hefur tekið þátt í því verkefni og lagði í umtalsverðan kostnað við að útbúa aðstöðu fyrir eldi haustseiða við ána. Útbúinn var tjörn þar sem hægt er að stjórna rennslissveiflum og að einhverju leiti hitastigi. Aðstaðan hefur þótt henta mjög vel til haustseidasleppinga.

Haustseiði eru stálpuð laxaseiði sem sleppt er að hausti og er ætlað að ganga til sjávar að vori. Haustseiði eru valkostur á móti gönguseiðum, en hvorutveggja eru viðbót við framleiðslu ána þar sem þau taka til sín litla eða enga fæðu úr ánum. Haustseiði hafa það fram yfir gönguseiði að þau eru mun ódýrari í framleiðslu.

Haustseiðin hafa verið örmerkt til að meta endurheimtur í veiði. Slíkt er jafnframt grundvöllur þess að hægt sé að meta árangur og hagkvæmni haustseidasleppinga og bera það saman við aðra valkosti.

Veiðifélagið hefur lagt mikla áherslu á að geta metið árangur haustseidasleppinga. Verkefnið hefur á síðustu árum verið að skila mikilvægum upplýsingum varðandi þróun og samanburð á fiskræktarmöguleikum. Um er að ræða þekkingu sem mun nýtast veiðifélögum víðsvegar á landinu.

Töluverður munur hefur verið á milli ára í endurheimtum á haustseiðum í Fnjóská. Merki úr seiðum sem gengu til sjávar vorið 1995 skiluðu sér illa, aðeins fengust þrjú merki úr þeim merkihóp (tafla 7). Lestur á laxahreistri benti hinsvegar til þess að töluvert af merktum fiski hafi farið í gegnum hendur veiðimanna óséð. Því var gert átak í að bæta merkjaskil frá veiðimönnum. Haustseiði sem gengu til sjávar vorið 1996 skiluðu sér tiltölulega vel og fóru endurheimtur upp í 0,64% í veiði sem er ásættanlegur árangur. Flestir fiskanna skiluðu sér eftir eitt ár í sjó, eða 21 og 11 skiluðu sér eftir tvö ár í sjó (tafla 7). Sama vor var sleppt gönguseiðum í Fnjóská úr sömu kreistingu og haustseiðin. Þessi gönguseiði skiluðu sér mun lakar en haustseiðin og voru heimtur aðeins 0,27%. Af haustseiðunum sem gengu til sjávar vorið 1997 hafa þegar skilað sér um 0,19% sumarið 1998 en alls skilaði sú slepping um 23% heimtum. Sleppingin 1998 skilaði fjórum smálöxum sumarið 1999 en eftir á að koma í ljós hve miklu hún skilar af stórlaxi (tafla 7).



Lítið hefur borið á villum haustsleppiseiða úr Fnjóská, þrjár fiskar úr göngunni vorið 1997 skiluðu sér í aðrar ár sumarið 1998. Einn lax kom fram í Lagarfljóti, annar í Víðidalsá/Húsadalsá og sá þriðji í Ísafjarðará. Einn lax úr merkingum í öðrum ám skilaði sér í Fnjóská sumarið 1998. Sá lax hafði verið merktur í Hafralónsá.

### **Almenn umræða**

Laxinn hefur verið á undanhaldi í Fnjóská á síðustu árum. Minni seiðabéttleiki laxaseiða er ekki bundinn við Fnjóská. Sama þróun hefur átt sér stað í mörgum öðrum ám á Norðurlandi. Unnið er að samanburðarrannsóknnum á nokkrum ám í þessu sambandi. Með hagstæðari skilyrðum fyrir lax, bæði á uppeldissvæðunum í ánni og í sjó má gera ráð fyrir að þessi þróun snúist við aftur. Fnjóská er á mörkum þess að vera laxveiðiá eða sjóbleikjuá. Svo virðist sem að sjóbleikjan eflist í Fnjóská þegar laxinn dalar og öfugt.

Mjög miklar framkvæmdir hafa verið í og við Fnjóská á áreyrunum við Laufás. Þar hefur áin verið sett á stokk á allöngum kafla og mikil efnistaka átt sér stað. Þessar framkvæmdir hafa þegar valdið skaða á lífríki Fnjóskár. Vegna þess rasks sem hefur átt sér stað á ánni, mun taka hana langan tíma að komast í fyrra horf. Búast má við miklum tilflutningi á efni á þessum slóðum næstu árin og að áin verði óstöðugri en ella. Framkvæmdir af þessari stærðargráðu ber að taka út fyrirfram með mati á hugsanlegum áhrifum á lífríki, þannig að hægt sé að meta þann skaða sem framkvæmdin myndi valda. Ef talið er ráðlegt að ráðast í framkvæmdir með tilliti til áhrifa á lífríki og annarra hagsmuna sem í húfi eru þá er jafnframt hægt að meta hvernig bæta megi hugsanlegan skaða. Rafveitt var á þessum slóðum sumarið 1998 en þann rafveiðistað var búið að fjarlægja í bókstaflegri merkingu sumarið 1999. Umfang þessara framkvæmda er allt annað og meira en hægt er að réttlæta að gert sé án undangengins mats á áhrifum á lífríki.

Haustsleppiseiði í Fnjóská hafa skilað sér ágætlega á köflum og betur en víða annarsstaðar þar sem slíkar sleppingar hafa verið reyndar. Þokkaleg dreifing er á því hvar laxar úr haustseiðasleppingunum veiðast en laxar af náttúrulegum uppruna veiðast þó víðar um Fnjóská.

Góð sjóbleikjuveiði var sumarið 1999. Rannsóknir á seiðabúskap bleikju í Fnjóská benda til þess að sjóbleikjuveiði í ánni geti orðið góð á næstu árum. Jafnframt opnast nýir möguleikar við nýtingu á bleikju í Fnjóská með því að koma á skipulegri veiði

ofar í vatnakerfinu en áður hefur verið gert. Fnjóská hefur alla burði til að verða ein eftirsóttasta sjóbleikjuá landsins í framtíðinni.

**Tafla 1.** Fjöldi veiddra laxaseiða á hverja 100 fermetra í Fnjóská eftir veiðistöðum í ágúst 1998.

Staður	Stærð veiðisv.	0+	1+	2+	3+	4+
2	30x15m					0,22
4	30x18m			0,37	1,67	0,19
5	40x10m	0,50			0,75	
7b	40x12m					
8	38x12m				0,44	0,22
8b	25x10m				0,80	
9	33x15m		0,40	0,81	1,01	
11	36x15m				0,37	0,19
12	38x12m	0,22			0,44	0,44
13	52x15m				0,13	

**Tafla 2.** Fjöldi veiddra bleikjuseiða á hverja 100 fermetra í Fnjóská eftir veiðistöðum í ágúst 1998.

Staður	Stærð veiðisv.	0+	1+	2+	3+	4+
2	30x15m	1,33	2,22	1,33		
4	30x18m	0,93	2,41	1,67		
5	40x10m	3,00	3,50	1,75		
7b	40x12m	1,25	0,62			
8	38x12m	1,75	2,19	1,32		
8b	25x10m	2,80	2,80	2,00		
9	33x15m	0,61	0,61	0,61		
11	36x15m	0,56	0,56	0,19		
12	38x12m	0,44	0,44	1,97		
13	52x15m	0,13	0,38	0,13		

**Tafla 3.** Fjöldi veiddra urriðaseiða á hverja 100 fermetra í Fnjóská eftir veiðistöðum í ágúst 1998.

Staður	Stærð veiðisv.	0+	1+	2+	3+	4+
2	30x15m					
4	30x18m					
5	40x10m					
7b	40x12m					
8	38x12m					
8b	25x10m	5,20	0,40			
9	33x15m	0,20	0,20			
11	36x15m			0,19		
12	38x12m					
13	52x15m					

**Tafla 4.** Fjöldi veiddra laxaseiða á hverja 100 fermetra í Fnjóská eftir veiðistöðum í ágúst 1999.

Staður	Stærð veiðisv.	0+	1+	2+	3+	4+
1a	60x2m					
1b	35x12m					
1c	50x3m					
3	50x3,5m					
4	45x8m			0,28		
5	45x12m					
7	45x15m			0,15		
8	50x6m	2,00				
8a	45x12m					
9	45x12m		0,19			
11	45x10m		1,11	0,67	0,22	
12	45x12m		0,37		0,74	

**Tafla 5.** Fjöldi veiddra bleikjuseiða á hverja 100 fermetra í Fnjóská eftir veiðistöðum í ágúst 1999.

Staður	Stærð veiðisv.	0+	1+	2+	3+	4+
1a	60x2m	21,70	40,83	12,50		
1b	35x12m	1,19	6,90	3,57		
1c	50x3m	2,67	3,33	1,33		
3	50x3,5m		1,14	2,86		
4	45x8m	1,11	3,33	3,61		
5	45x12m	1,48	2,59	1,48		
7	45x15m	1,48	1,19			
8	50x6m	2,67	2,00	2,33		
8a	45x12m	1,85	2,59	0,56		
9	45x12m	0,56	0,56			
11	45x10m	0,67		0,44		
12	45x12m			1,30		

**Tafla 6.** Fjöldi veiddra urriðaseiða á hverja 100 fermetra í Fnjóská eftir veiðistöðum í ágúst 1999.

Staður	Stærð veiðisv.	0+	1+	2+	3+	4+
1a	60x2m		2,50			
1b	35x12m		0,24			
1c	50x3m	0,67	2,67	5,33	1,33	
3	50x3,5m	0,57	0,57		0,57	
4	45x8m			0,28	0,28	
5	45x12m					
7	45x15m		0,15			
8	50x6m		0,56			
8a	45x12m					
9	45x12m					
11	45x10m		0,22			
12	45x12m					

Tafla 7. Merkt laxaseiði í Fnjóská og heimtur eftir árum. Allir merkihópar nema 1996b voru haustleppiseiði, seiði sem alin voru í tjörn frá hausti til vors. Hópur 1996b voru gönguseiði sem sleppt var í tjörn að vori.

Merkihópar	Fjöldi merktra seiða	Fjöldi merktra laxa í veiði eftir 1 ár í sjó	Fjöldi merktra laxa í veiði eftir 2 ár í sjó	Heimtur af merktum löxum í veiði %
1995	5578	3	0	0,05+?
1996a	5019	21	11	0,64
1996b	3010	5	3	0,27
1997	10015	19	4	0,23
1998	10056	4	+	0,04
1999	10013	+	+	

Tafla 8. Veiði á vatnasvæði Fnjóskár sumarið 1999


Svæði	Laxar	Bleikjur	Urriðar
Fnjóská	161	735	
Bakkaá		68	16
Bleiksmýrardalur		62	1
<b>Samanlagt:</b>	<b>161</b>	<b>865</b>	<b>17</b>

Tafla 9. Seiðasleppingar í Fnjóská 1987 – 1999. Sleppisvæði og fjöldi laxaseiða.

Ár	Sleppistaður	Fjöldi Seiða
1987	Tjörn neðan Syðra-Hóls.	2.000
1987	Veisusel, Syðri-Hóll hjá Steinkirkju.	10.000
1988	Tjörn neðan Veisusels.	2.000
1988	Steinkirkja, Illugastaðir (vesturbakki).	8.000
1989	Brú við Þjóðveg 1, Steinkirkja (vesturb.).	10.000
1989	Reykir, Flaustur.	10.000
1991	Bogabrá, Þórðarstaðir (austurbakki).	15.000
1994	Árbugsa Þjóðvegur 1 (við báða bakka).	15.000
1994	Tjörn, Hjarðarholt (14. Nóv.).	5.500
1995	Víðivellir, Reykir (vesturbakki) (alin á Hólum).	14.000
1995	Tjörn, Hjarðarholt (seiði Hólar nóv.).	5.000
1996	Lundur, Illugastaðir (austurbakki).	6.000
1996	Bakkaá.	1.000
1996	Kvísl norðan Þingmannalækjar.	1.000
1996	Tjörn (seiði Hólar í mars) (sleppt í júní).	5.500
1997	Tjörn (seiði Norðurlax í nóvember).	12.000
1997	Veisa, Þjóðvegur 1 (austurbakki).	9.000
1997	Brúnag., Illugastaðaklif (vesturbakki).	5.000
1997	Tjörn, Laxamýri.	10.000
1998	Vatnshæðarmælir Fellsbrú (vesturbakki).	13.000
1998	Illugastaðir (austurbakki).	2.000
1999	Veisusel (austan ár), að Illugastaðaklifi	15.000






Tafla 10. Veiðistaðir örmerktra laxa í Fnjóská 1997 - 1999.  
Smálax og stórlax.

Veiðistaður	Smálax	Stórlax	
Straumvað	2	0	2
Kolbeinspollur	2	3	5
Hólmahylur	3	0	3
Hrísgerðisbreiða	1	0	1
Eyrarbreiða	3	0	3
Ferjupollur	7	3	10
Sandur	3	0	3
Hrísgerðisbrot	1	0	1
Hella	1	0	1
Stekkjarskýlur	1	0	1
Árbugsárós	2	1	3
Skúlaskeið	1	1	2
Malareyri	0	4	4
Símastrengur	2	0	2
32 á móts við Mela	1	1	2
Staður ekki tilgreindur	12	3	15
Klakkfiskar	3	1	4
	<b>45</b>	<b>17</b>	<b>62</b>







Mynd 1. Rafveiðistaðir í Fnljóská















Mynd 2a: Lengdar- og aldursdreifing veiddra laxaseiða í Fnjóská 26.-27. ágúst 1998.






**Mynd 2b:** Lengdar- og aldursdreifing veiddra laxaseiða í Fnjóská  
26.-27. ágúst 1998.




Mynd 3a: Lengdar- og aldrisdreifing veiddra bleikjuseiða í Fnjóská 26.-27. ágúst 1998.






**Mynd 3b:** Lengdar- og aldursdreifing veiddra bleikjuseiða í Fnjóská 26.-27. ágúst 1998.






**Mynd 4:** Lengdar- og aldursdreifing veiddra urriðaseiða í Fnjóská 26.-27. ágúst 1998.



Mynd 5: Lengdar- og aldursdreifing veiddra laxaseiða í Fnjóská 5.-6. ágúst 1999.






**Mynd 6a:** Lengdar- og aldursdreifing veiddra bleikjuseiða í Fnjóská 5.-6. ágúst 1999.






**Mynd 6b:** Lengdar- og aldursdreifing veiddra bleikjuseiða í Fnjóská 5.-6. ágúst 1999.













**Mynd 6c:** Lengdar- og aldursdreifing veiddra bleikjuseiða í Fnjóská 5.-6. ágúst 1999.



**Mynd 6d:** Lengdar- og aldursdreifing veiddra bleikjuseiða í Fnjóská 5.-6. ágúst 1999.



**Mynd 7a:** Lengdar- og aldersdreifing veiddra urriðaseiða í Fnjóská 5.-6. ágúst 1999.



Mynd 7b: Lengdar- og aldursdreifing veiddra urriðaseiða í Fnjóská 5.-6. ágúst 1999.